




AÐALSKIPULAG BLÁSKÓGABYGGÐAR 2015-2027

Breyting í landi Eyvindartungu

14.02.2020





VERKNR

3502-014-GRG-001-V01

UNNIÐ/RÝNT

IS/ÁJ

BLÁSKÓGABYGGÐ

Aðalskipulag 2015-2027

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

SKIPULAGSFERLI

Lýsing aðalskipulagsbreytingar var auglýst frá 18. des. 2019 með athugasemdafresti til 8. jan. 2020.

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	5
1.1	Skipulagsgögn	5
2	FORSENDUR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	6
2.1.1	Landsskipulagsstefna 2015-2026	6
2.1.2	Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027	7
2.1.3	Deiliskipulag	8
2.2	Sérstök vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd	8
2.3	Fornminjar	8
3	BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI	9
3.1	Breytingar á uppdrætti	9
3.2	Texti í greinargerð í gildandi skipulagi	9
3.3	Texti í greinargerð í breyttu skipulagi	9
4	UMHVERFISÁHRIF	10
4.1	Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir	10
4.2	Vægi umhverfisáhrifa	10
4.3	Umhverfispættir matsspurningar og viðmið	11
4.3.1	Valkostir og samanburður	12
4.3.2	Niðurstaða	13
5	MÁLSMÆÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR	14
5.1	Skipulags og matslýsing	14
5.2	Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar	14
5.3	Skipulagsferli	14

1 INNGANGUR

Bláskógabyggð vinnur að breytingu á Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 skv. 1. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Landeigandi í Eyvindartungu í Bláskógabyggð (landnr. 167176), hefur óskað eftir að afmörkun frístundasvæðisins F23 verði leiðrétt og það stækkað. Árið 1992 voru stofnaðar 7 frístundalóðir á svæðinu og eru þær ekki að öllu leyti innan frístundasvæðis.

Á árunum 1998 til 99 var stunduð skógrækt á 13 ha svæði austan frístundasvæðisins F23. Sú skógrækt var unnin undir merkjum Suðurlandsskóga og hefur trjám verið plantað í stærstan hluta svæðisins. Óskað er eftir að svæðið verði skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði.

Hluti frístundasvæðisins F22 er einnig skógræktarsvæði og verður um 40 ha af því breytt í slíkt svæði og verður hluti af skógræktarsvæðinu SL4. Frístundasvæðið verður innan jarðarinnar Laugarvatn eftir breytinguna.

1.1 Skipulagsgögn

Gerð verður breyting á greinargerð og uppdrætti.

2 FORSENDUR

Eyvindartunga er skammt sunnan Laugarvatns. Aðkoma að svæðinu er af Laugarvatnsvegi nr. 37 og um núverandi aðkomuvegi af honum. Svæðið sem breytingin tekur til hallar til austurs, í áttina að Laugarvatni. Svæðið er einnig að hluta til innan náttúruverndarsvæðis Laugarvatns og undir hverfisvernd.

Stærsti hluti svæðisins, sem breytingin tekur til, er algróið og kjarr eða birkiskógur á hluta þess skv. kortlagningu Skógræktarinnar á útbreiðslu birkis. Birki fellur undir 61. gr. laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, og nýtur sérstakrar verndar. Samkvæmt vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er um að ræða vistgerðirnar skógrækt, birkiskóg og alaskalúpínu.

Frístundasvæðið F22 er algróið og þar er talsvert birkikjarr. Aðrar trjátegundir hafa verið gróðursettar innan lóða. Frístundasvæðið F23 er algróið og þar er nokkuð birkikjarr. Á nýju skógræktarsvæði, SL28, hafa verið gróðursett tré í um 2/3 hluta svæðisins, mestmegnis fura og greni. Birkikjarr er einnig lítillega á svæðinu. Gróðursetning á þessu svæði var unnin undir merkjum Suðurlandsskóga. Skógræktarsvæðið SL4 er gróið austast en gróður er rýrari vestar, enda land herra yfir sjó. Ógróin svæði eru inná milli. Austast er nokkuð birkikjarr og einnig töluverð lúpína. Á árunum 1997-2002 voru tré gróðursett um miðbik svæðisins, einkum lerki og greni. Á hluta svæðisins er birkikjarr.

Talsverð frístundabyggð er víða í sveitarfélaginu og þó frístundasvæði sé minnkað í Eyvindartungu er eftir sem áður gott framboð af frístundasvæðum í sveitarfélaginu.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

Við breytingu á aðalskipulaginu er horft til eftirfarandi áætlana:

2.1.1 Landsskipulagsstefna 2015-2026

Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur varðandi skipulag dreifbýlis og sjálfbæra nýtingu landbúnaðarlands sem sveitarfélagið þarf að horfa til.

Kafli 2.2.1 Byggð falli að landslagi og náttúru

„Skipulagsáætlanir sveitarfélaga marki stefnu um gæði og yfirbragð byggðar og annarra mannvirkja í dreifbýli. Skipulagsákvæðanir um staðsetningu og hönnun nýrra mannvirkja í dreifbýli taki mið af byggingarhefðum, landslagi og staðhátum. Um leið verði gætt að hagkvæmni varðandi samgöngur og veitur og að byggð gangi ekki að óþörfu á svæði sem eru verðmæt til landbúnaðar eða vegna náttúruverndar. Við skipulag frístundabyggðar verði almennt miðað að afmörkuðum en samfelldum frístundabyggðarsvæðum sem gefi notendum þeirra kost á góðum tækifærum til útiveru um leið og gætt er að því að frístundabyggðin skerði ekki mikilvæg eða viðkvæm svæði með tilliti til landbúnaðar eða náttúruverndar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum“.

Kafli 2.2.2 Náttúra, menningararfur og heilnæmt umhverfi

„Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði leitast við að varðveita náttúru- og menningargæði sem hafa staðbundið, eða víðtækara, gildi út frá sögu, náttúrufari eða menningu. Það getur m.a. falist í stefnu um vistheimt og verndun og eflingu gróðurs og jarðvegs. Jafnframt verði gætt að álagi á vatn og vatnsvernd. Landslagsgreining og vistgerðaflokkun ásamt áætlunum um uppgræðslu lands og vatnaáætlun verði lagðar til grundvallar skipulagsákvörðunum“.

Kafli 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

„Í aðalskipulagi byggjast skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og að eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðaflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðunum um landbúnaðarland“.

Samræmi breytingarinnar við landsskipulagsstefnu

Flokkun landbúnaðarlands hefur ekki farið fram í sveitarfélaginu en ætla má að um ágætt landbúnaðarland sé að ræða.

Frístundasvæðið F23 stækkar yfir lóðir sem þegar eru skilgreindar sem frístundalóðir. Með stækkuninni er stuðlað að einu samfelldu svæði innan Eyvindartungu. Frístundasvæðið F22 minnkar og í heild minnka frístundasvæði um 30 ha. Bæði svæðin eru í góðum tengslum við vegi og veitur. Með því að hafa skógræktarsvæði við frístundasvæðin skapast tækifæri til útiveru og útivistar. Frístundasvæðið F23 og skógræktarsvæðið SL28 eru innan svæðis á náttúruuminjaskrá og undir hverfisvernd vegna

birkikjarrs. Frístundasvæðið F22 og hluti skógræktarsvæðisins SL4 eru sömuleiðis undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Settir verða skilmálar fyrir svæðin um að forðast skuli rask á birkikjarri og eins takmörkun á trjátegundum sem heimilt er að gróðursetja.

2.1.2 Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015-2027

Aðalskipulag Bláskógabyggðar 2015 – 2027 var staðfest í maí 2018. Í aðalskipulaginu er svæðið sem breytingin tekur til skilgreint sem frístundasvæði F22 og F23, landbúnaðarsvæði og skógræktar- og landgræðslusvæði SL4. Svæðið er jafnframt undir hverfisvernd vegna birkikjarrs og á náttúruminjaskrá.

Stefna um frístundabyggð:

- Horft er til þess að ný hverfi verði að jafnaði í tengslum við núverandi frístundabyggð.
- Frístundabyggð verði að jafnaði ekki heimiluð á svæðum sem eru mikilvæg eða verðmæt vegna náttúrufars, auðlinda, náttúruvár, sögu eða almenns útivistargildis. Þau verði heldur ekki á góðu ræktunarlandi eða á svæðum sem skilgreind eru sem hættusvæði vegna náttúruvár.
- Ný frístundasvæði verði ekki stærri en 25 ha innan hvernar jarðar. Nýir áfangar innan hvernar jarðar verða ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir.

Stefna um landbúnaðarland:

- Góð landbúnaðarsvæði verða áfram nýtt til landbúnaðar.
- Forðast skal að setja gott landbúnaðarland undir skógrækt.

Stefna um skógrækt:

- Skógrækt verði eflað til útivistar, skjóls og landbóta.
- Á svæðum sem hafa sérkenni og eiginleika sem skógrækt getur spilt s.s. vegna náttúrufars, auðlinda, útivistargildis, fornleifa eða söguminja verði skógrækt takmörkuð eða óheimil.
- Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir og taka mið af þeim verndarákvæðum sem þar eru sett fram, s.s. vegna hverfisverndar, náttúruverndarsvæða og fornminja.

Svæði á náttúruminjaskrá:

Laugarvatn (nr. 741). Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.

Hverfisvernd:

Samfelld svæði þar sem er birkikjarr og/eða birkiskógur eru auðkennd á skipulagsupprætti. Svæðin eru afmörkuð skv. kortlagningu Skógræktarinnar. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir í birkiskóga og birkikjarr. Halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki.

Samræmi breytingarinnar við gildandi aðalskipulag

Frístundasvæðið F22 er minnkað og verður einungis á jörðinni Laugarvatni. Frístundasvæðið F23 er stækkað. Með breytingunni verður einungis eitt frístundasvæði á jörðinni Eyvindartungu. Breytingin

samræmist ekki stefnu í gildandi skipulagi að því er varðar að nýir áfangar innan hverrar jarðar verði ekki teknir til skipulagsmeðferðar fyrr en minnst 2/3 hlutar fyrri áfanga hafa verið byggðir. Samt sem áður minnka frístundasvæði á jörðinni um 30 ha með þessari breytingu.

Ætla má að um ágætt landbúnaðarland sé að ræða. Breytingin er ekki í samræmi við þá stefnu að vernda gott landbúnaðarland.

Hluti frístundasvæðisins og skógræktarsvæðið er innan svæðis á náttúruminjaskrá. Stór hluti þess svæðis sem breytingin nær yfir er undir hverfisvernd vegna birkikjars og er ákvæði um að halda skuli byggingaframkvæmdum í lágmarki á slíkum svæðum. Auk þess er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir. Skógrækt á verndarsvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar sem ákvarðar um matsskyldu framkvæmdarinnar.

2.1.3 Deiliskipulag

Ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið.

2.2 Sérstök vernd skv. 61. gr. laga um náttúruvernd

Samkvæmt lögnum njóta tiltekin vistkerfi og jarðminjar sérstakrar verndar. Þetta á t.d. við um birkiskóga (61. gr. 2. mgr): „*sérstæðir eða vistfræðilega mikilvægir birkiskógar og leifar þeirra þar sem eru m.a. gömul tré*“. Forðast ber að raska vistkerfum og jarðminjum sem taldar eru upp í 2. mgr. nema brýna nauðsyn beri til. Skyld er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki, vegna framkvæmda sem hafa í för með sér slíka röskun.

Vistgerðir á svæðinu hafa verið kortlagðar. Á svæðinu eru vistgerðirnar skógrækt birkiskógur og alaskalúpína. Hafa ber í huga nákvæmni kortlagningar. Birkiskógur nýtur verndar skv. lögum um náttúruvernd.

Laugarvatn er á náttúruminjaskrá (nr. 741) m.a. vegna gróskumikils gróðurs og fundarstaðar sjaldgæfra jurta.

Eftir atvikum kann að vera ástæða til að skoða svæði undir byggingar og gróðursetningu með tilliti til áhrifa á vistgerðir með hátt verndargildi.

2.3 Fornminjar

Aðalskráningu fornminja er lokið í þéttbýlunum þremur í Bláskógabyggð en ólokið í dreifbýlinu.

Ef fram koma áður óþekktar fornleifar á framkvæmdartíma, sbr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður þegar haft samband við Minjastofnun Íslands og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun Minjastofnunar um hvort halda megi áfram og með hvaða skilmálum.

3 BREYTINGAR Á AÐALSKIPULAGI

Gerðar eru breytingar á uppdrætti fyrir byggðina og greinargerð.

3.1 Breytingar á uppdrætti

Frístundasvæðið F22 er minnkað úr 83 ha í 42 ha og verða þeir hluti af skógræktarsvæðinu SL4 sem stækkar úr 135 ha í 160 ha. (Skógræktarsvæðið var skráð of stórt í gildandi skipulagi og stækkar þess vegna minna en sem nemur breytingunni á F22).

Frístundasvæðið F23 er stækkað úr 22 ha í 36 ha.

Sett er inn nýtt 13 ha skógræktarsvæði, SL28.

3.2 Texti í greinargerð í gildandi skipulagi

Kafli 2.3.1 Frístundabyggð

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
F22	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. 7 lóðir byggðar. Stærð svæðis er um 83 ha.	Eyvindartunga
F23	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. Svæðið er óbyggt. Stærð svæðis er um 22 ha.	Eyvindartunga

Kafli 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL4	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði, stærð svæðis er um 135 ha.

3.3 Texti í greinargerð í breyttu skipulagi

Kafli 2.3.1 Frístundabyggð

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	JÖRÐ
F22	Laugarvatn	Ekkert deiliskipulag í gildi. 7 lóðir byggðar. Svæðið er undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir, s.s. birki, reyni og víði. Við framkvæmdir skal forðast allt rask á gróðri, einkum birkikjarri. Í deiliskipulagi skal leitast við að takmarka það svæði sem fer undir vegi og hús. Mannvirki skulu vera á einni hæð. Nýtingarhlutfall lóða er 0,03. Heimilt er að vera með allt að 25 lóðir. Stærð svæðis er um 42 ha.	Laugarvatn
F23	Eyvindartunga	Ekkert deiliskipulag í gildi. Ein lóð er byggð. Svæðið er undir hverfisvernd vegna birkikjarrs og að hluta til innan svæðis á náttúruminjaskrá (nr 741). Við framkvæmdir skal forðast allt rask á gróðri, einkum birkikjarri og sjaldgæfra jurta. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir, s.s. birki, reyni og víði. Í deiliskipulagi skal leitast við að takmarka það svæði sem fer undir vegi og hús. Mannvirki skulu vera á einni hæð. Nýtingarhlutfall lóða er 0,03. Hámarks byggingarmagn á lóð er 200 m ² . Heimilt er að vera með allt að 60 lóðir. Stærð svæðis er um 36 ha.	Eyvindartunga

Frístundasvæði minnka alls um 30 ha.

Kafli 2.4.2 Skógræktar- og landgræðslusvæði

Bætt er inn nýju skógræktarsvæði SL28. Skógræktarsvæði stækka alls um 40 ha.

NR.	HEITI SVÆÐIS	LÝSING
SL4	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði. Á austurhluta svæðisins er birkikjarr og er það undir hverfisvernd. Einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir á þeim hluta svæðisins, t.d. birki, reyni og víði. Á vestari hluta svæðisins, sem ekki er undir hverfisvernd, verður unnið að áframhaldandi gróðursetningu og er tegundaval þar frjálst. Einnig verður unnið að uppgræðslu lands þar sem þess þarf. Stærð svæðis er um 160 ha.
SL28	Eyvindartunga	Skógræktarsvæði, skógrækt undir merkjum Suðurlandsskóga og hefur verið plantað í stærstan hluta svæðisins, einkum furu og greni. Þar sem svæðið er undir hverfisvernd vegna birkikjars og innan svæðis á náttúruminjaskrá (nr. 741) er einungis heimilt að gróðursetja íslenskar trjategundir s.s. birki, reyni og víði. Stærð svæðis er um 13 ha.

4 UMHVERFISÁHRIF

Líkleg áhrif af stefnu aðalskipulagsbreytingarinnar eru metin skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Markmið laganna er að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og jafnframt stuðla að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Umhverfismatinu er ætlað að:

- Nýtast við ákvarðanatöku í skipulagsvinnunni.
- Upplýsa um möguleg umhverfisáhrif stefnunnar.
- Undirbyggja og rökstyðja ákvarðanatöku í skipulagsgerð.
- Aðstoða við val á milli skipulagskosta með samanburði á umhverfisáhrifum þeirra.

Í skipulagsgerðinni er umhverfismat áætlana jafnframt mikilvægt til að tryggja samræmi á milli stefnu- miða í mismunandi málaflokkum skipulagsins og tryggja að umhverfismarkmiðum sveitarfélagsins sé haldið á lofti. Niðurstaða umhverfismatsins nýtist til að bregðast við hugsanlega neikvæðum umhverfis- áhrifum með breytingu á stefnu eða mótun á mótvægisáðgerðum. Umhverfismatið byggir á fyrir- liggjandi upplýsingum um grunnástand umhverfis.

4.1 Tilkynninga- eða matsskyldar framkvæmdir

Aðalskipulagsbreytingin markar stefnu um skógrækt á verndarsvæðum en slík framkvæmd fellur undir flokk B í viðauka 1 í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Skógrækt á verndarsvæðum er framkvæmd sem kann að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal tilkynna hana til Skipulagsstofnunar, sem metur hvort hún skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

4.2 Vægi umhverfisáhrifa

Í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um umhverfismat áætlana segir; „*Vægi umhverfisáhrifa fer alm- ennt eftir eðli, gerð, umfangi, tíðni og tímalengd breytinganna sem eru fyrirséðar á umhverfinu.*“ Við mat á vægi áhrifa er litið til þess hvort áhrifin séu marktæk á svæðis-, lands-, eða heimsvísu og nái til fjölda fólks og þess hvort áhrifin séu óafturkræf og til langs tíma. Áhrifin geta verið jákvæð, neikvæð, óveruleg eða óviss.

TAFLA 1. Vægi áhrifa.

Skilgreining	Skýring
Jákvæð áhrif +	Áhrif áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru talin til bóta fyrir umhverfið eða bæta hag þorra íbúa og/eða gesta á beinan eða óbeinan hátt. Breytingin sem hlýst af framfylgd áætlunarinnar eru yfirleitt varanleg og geta verið staðbundin en er yfirleitt á svæðis-, lands-, eða heimsvísu. Áhrifin samræmast lögum og reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Engin eða óveruleg áhrif 0	Áhrif framkvæmdar eða áætlunar á umhverfispátt/-þætti eru engin eða minniháttar, með tilliti til umfangs svæðis og viðkvæmni þess fyrir breytingum, ásamt fjölda fólks sem verður fyrir áhrifum. Áhrifin eru í mörgum tilfellum tímabundin og að mestu afturkræf. Áhrif eru oftast stað-, eða svæðisbundin. Áhrifin samræmast ákvæðum laga og reglugerða, almennri stefnumörkun stjórnvalda eða alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að.
Neikvæð áhrif -	Áhrif af áætluninni eru talin skerða eða rýra gildi tiltekna umhverfispáttar/-þátta á beinan eða óbeinan hátt eða valda ónæði, óþægindum, heilsutjóni eða auknu raski fyrir íbúa og/eða gesti. Áhrifin geta verið varanleg og/eða óafturkræf, staðbundin eða á lands-/heimsvísu. Áhrifin geta að einhverju leiti stangast á við ákvæði laga, reglugerða, stefnumarkana stjórnvalda eða alþjóðasamninga sem Ísland er aðili að.
Óviss áhrif ?	Ekki er vitað um eðli eða umfang umhverfisáhrifa á tiltekna umhverfispætti, m.a. vegna skorts á upplýsingum, tæknilegra annmarka eða skorts á þekkingu. Það getur verið unnt að afla upplýsinga um áhrifin með frekari rannsóknum eða markvissri vöktun. Þá geta áhrif verið háð útfærslu framkvæmdar.

4.3 Umhverfispættir matsspurningar og viðmið

Umhverfispáttur er tiltekinn þáttur, s.s. gróðurfar, landslag eða félagslegir þættir, sem taldir eru geta orðið fyrir áhrifum af framkvæmdum og aðgerðum sem leiðir af þeirri stefnu sem skoðuð er hverju sinni. Í matslýsingu voru tilteknir þeir umhverfispættir sem líklegt væri að yrðu valdir til umfjöllunar í umhverfisskýrslu.

Áhrif af stefnu aðalskipulagsins á einstaka þætti umhverfisins eru metin og gefin einkunn, m.a. eftir því hvort þau eru talin jákvæð eða neikvæð. Forsendur við mat á umhverfisáhrifum byggja á tveimur meginþáttum sem eru:

- Viðmið í lögum og reglugerðum, stefnumótun stjórnvalda og skuldbindingar á alþjóðavísu.
- Greining á einkennum og vægi áhrifa á einstaka umhverfispætti skv. fyrirbyggjandi gögnum.

Við matið er horft til neðangreindra umhverfispátta og leitast við að svara matsspurningum:

TAFLA 2 Umhverfispættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Jarðmyndanir	Hefur breytingin áhrif á jarðmyndanir sem njóta verndar eða þykja sérstæðar?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Gróður og dýralíf	Hefur breytingin áhrif á gróður og dýralíf?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, áhersla á 61. gr. Lög um skóga og skógrækt nr. 33/2019, 1. gr.
Ásýnd og landslag	Hefur breytingin áhrif á ásýnd og landslag?	Lög um náttúruvernd nr. 60/2013, 69. gr. Landsskipulagsstefna 2015-2026.

UMHVERFISÞÁTTUR	MATSSPURNING	VIÐMIÐ
Samfélag	Hefur breytingin áhrif á atvinnulíf? Hefur breytingin áhrif á tekjustofna sveitarfélagsins?	Stefna í aðalskipulagi um frístundabyggð. Landsskipulagsstefna 2015-2026.
Minjar og verndarsvæði	Hefur breytingin áhrif á fornminjar? Hefur breytingin áhrif á náttúruminjar? Hefur breytingin áhrif á verndarsvæði?	Stefna í aðalskipulagi um skógrækt og verndarsvæði. Lög nr. 80/2012 um menningarminjar. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Náttúruminjaskrá.
Heilsa og öryggi	Hefur breytingin áhrif á hljóðvist og/eða loftgæði? Er hætt á mengun af völdum breytingarinnar?	Stefna í aðalskipulagi. Landsskipulagsstefna 2015-2026. Reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999, með síðari breytingum.

4.3.1 Valkostir og samanburður

Bornir eru saman eftirfarandi valkostir:

- **Breytt skipulag.** Frístundasvæðið F23 verður stækkað úr 22 ha í 36 ha. Sett verður inn 13 ha skógræktarsvæði SL28. Frístundasvæðið F22 er minnkað um 41 ha og skógræktarsvæðið SL4 stækkað um 25 ha.
- **Núll – kostur.** Landnotkun breytist ekki.

Samanburður

Breytt skipulag: Engar þekktar jarðmyndanir sem njóta verndar eru innan svæðisins. Áhrif á jarðmyndanir eru óverulegar.

Skógrækt hefur verið stunduð á svæðinu undir merkjum Suðurlandsskóga. Skógrækt getur haft í för með sér breytingar á öðrum gróðri á svæðinu en stuðlar jafnframt að jarðvegsvernd, meiri líffræðilegri fjölbreytni og skjólmyndun. Þar sem hluti svæðisins nýtur hverfisverndar vegna birkikjarrs þá eru skilmálar á því að einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir og halda skal byggingaframkvæmdum í lágmarki. Með tilkomu skógar eykst fuglalíf á svæðinu og skilyrði fyrir þær tegundir og lífverur sem kjósa skóglendi batna, hins vegar kemur tegundasamsetning fugla til með að breytast. Áhrif á gróður og dýralíf eru metin jákvæð og neikvæð.

Mannvirki hafa alla jafnan áhrif á ásýnd og skógrækt er sýnileg ásamt því að skógur getur byrgt fyrir útsýni og haft áhrif á birtuskilyrði. Fallegur og gróskumikill skógur er til prýði. Áhrif á ásýnd og landslag eru metin óveruleg.

Uppbygging hefur jákvæð áhrif á atvinnulíf, einkum á meðan á framkvæmdum stendur, og atvinnutækifæri styrkja byggð og tekjustofna sveitarfélagsins. Áhrif á samfélag eru jákvæð.

Engar þekktar minjar eru innan svæðisins. Svæðið er innan náttúruverndarsvæðis og undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Settir eru skilmálar um að einungis sé heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir í þann hluta svæðisins sem er undir hverfisvernd og að halda skuli byggingaframkvæmdum í lágmarki. Verði af uppbyggingu á frístundasvæðunum kemur það til með að raska birkikjarri. Þá er nú þegar búið að gróðursetja tré í birkikjarrið. Áhrif á verndarsvæði eru metin neikvæð.

Eftir því sem frístundasvæðin byggjast upp eykst umferð og útblástur verður meiri. Skógrækt á svæðinu bindur kolefni og dregur úr neikvæðum áhrifum útblásturs og bætir loftgæði. Gert er ráð fyrir að frágangur á fráveitu verði með fullnægjandi hætti, skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, og því á ekki að vera hætt á mengun vegna hennar. Áhrif á heilsu og öryggi eru metin óveruleg.

Núll kostur: Áhrif af núll kosti eru sambærileg við það sem er af breyttu skipulagi. Frístundasvæðin eru bæði til staðar skv. gildandi skipulagi og annað skógræktarsvæðið, SL4. Þá hefur skógrækt verið stunduð um árabil á því svæði sem verður skilgreint sem skógræktarsvæðið SL28.

4.3.2 Niðurstaða

Á frístundasvæðinu F23 hafa verið stofnaðar 7 lóðir en þær eru ekki að öllu leyti innan frístundasvæðisins og því er verið að leiðrétta afmörkun þess, við þetta stækkar frístundasvæðið lítillega. Hluti frístundasvæðisins er innan svæðis á náttúruminjaskrá og stækkunin einnig. Litið er til þess að önnur frístundasvæði og frístundahús umhverfis Laugarvatn eru einnig innan náttúruverndarsvæðis Laugarvatns. Frístundasvæðið F22 er minnkað og með breytingunni á þessum tveimur svæðum minnka frístundasvæðin um 30 ha.

Frístundasvæðin eru innan hverfisverndarsvæðis vegna birkiskóga/birkikjarrs og var svo einnig fyrir breytinguna. Ákvæði hverfisverndarsvæðisins er að byggingarframkvæmdum skuli haldið í lágmarki og að einungis er heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir. Settir eru skilmálar fyrir svæðin að í deiliskipulagi skuli leitast við að takmarka það svæði sem fer undir vegi og hús.

Á því svæði sem skilgreint er sem skógræktarsvæði SL28 hefur verið unnið að skógrækt undir merki Suðurlandsskóga. Skógræktarsvæðið er allt innan svæðis á náttúruminjaskrá og hverfisverndarsvæðis vegna birkiskóga/birkikjarrs. Plantað hefur verið í stærstan hluta svæðisins auk þess sem náttúrulegt birkikjarr hefur vaxið upp á síðustu árum. Skógrækt á verndarsvæðum er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu. Þar sem unnið hefur verið að skógrækt á svæðinu undanfarna áratugi þá er sveitarstjórn hlynnt breytingunni, enda eru settir skilmálar um að einungis sé heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir á svæðinu.

Skógræktarsvæðið SL4 er stækkað um 25 ha. Hluti svæðisins er undir hverfisvernd vegna birkikjarrs. Settir eru skilmálar um að einungis sé heimilt að gróðursetja íslenskar trjátegundir á þeim hluta svæðisins.

Sveitarstjórn lítur þannig á að með breytingunni sé verið að leiðrétta landnotkun til samræmis við það sem hún er í dag. Með breytingunni eru settir skilmálar til að leitast við að vernda það birkikjarr sem er til staðar og er undir hverfisvernd.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Aðalskipulagsbreytingin er unnin skv. skipulagslögum nr. 123/2010.

5.1 Skipulags og matslýsing

Umsögn um skipulagslýsingu barst frá Skipulagsstofnun.

5.2 Umsagnaraðilar aðalskipulagsbreytingar

Umsagnaraðilar við breytinguna eru eftirtaldir:

- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands
- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Skógræktin
- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
- Búnaðarsamband Suðurlands

5.3 Skipulagsferli


Gert er ráð fyrir að aðalskipulagsbreytingin verði auglýst á vormánuðum 2020 og staðfest með auglýsingu í B-deild Stjórnartíðinda seinnipart sumars.




BLÁSKÓGABYGGÐ

Breyting í landi Eyvindartungu

Aðalskipulag 2015-2027



Breytt aðalskipulag í mkv. 1:50.000.



Gildandi aðalskipulag í mkv. 1:50.000.

SKÝRINGAR

ATVINNA OG BYGGÐ

- F Fristundabyggð
- Landbúnaðarsvæði
- SL Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Óbyggð svæði
- E Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- VP Verslun- og þjónusta
- I Iðnaðarsvæði

SAMGÖNGUR OG VEITUR

- Stofnvegir
- Tengivegir
- Héraðsvegir/landsvegir
- Reiðleiðir

TAKMARKANIR Á LANDNOTKUN

- Svæði á náttúruminjasrá
- Hverfisvernd
- Hverfisvernd - birkiskógur/birkikjarr

TÁKN TIL SKÝRINGAR

- Landamerki, óviss og ekki tæmandi
- Ræktað land
- Þéttbýli

SKIPULAGSGÖGN

Aðalskipulagsuppráttur í mkv. 1:50.000.
Greinargerð og umhverfisskýrsla.

KORTAGRUNNAR

IS50v frá Landmælingum Íslands.
Loftmyndir frá Loftmyndum ehf.
Hnitakerfi er í ISN93.

BLÁSKÓGABYGGÐ

Breyting í landi Eyvindartungu



Verk: 3502-014	Dags: 14.02.2020
Mkv. 1:50.000 í A4	Breytt:
Unnið: IS	Rýnt: ÁJ
Samþykkt:	